



# Ársskýrsla 2025

Fjölbrautaskóli Vesturlands  
á Akranesi



## Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Ágrip.....	2
Nemendatölur.....	4
Samsetning nemenda eftir aldri og kyni .....	4
Fjöldi nemenda eftir námsbrautum og brautskráðir nemendur .....	5
Brotthvarf.....	5
Starfsfólk .....	5
Tölur .....	5
Starfsþróun .....	7
Stefnumótunarvinna og stefnumiðuð áætlun .....	7
Stefnumótunarvinna.....	7
Stefnumiðuð áætlun FVA.....	8
Ýmis áhersluverkefni - framvinda.....	10
Nám .....	13
Félagslíf og nám .....	13
Starfsbraut .....	15
Heimavist .....	15
Stuðningur .....	15
Erlend samskipti – alþjóðlegt samstarf.....	16
Samstarf við aðra .....	17
Staða FVA á Vesturlandi .....	18
Mat á skólasterfi .....	18
Húsnæðismál .....	20
Fjármál – rekstur FVA.....	22
Prófill FVA.....	23

## Inngangur

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) var formlega settur í fyrsta sinn þann 12. september 1977. FVA er stærsti framhaldsskóli á Vesturlandi, sterkur og rótgróinn bók- og verknámsskóli sem starfar eftir áfangakerfi.

Nemendafjöldi á árinu 2025 er að meðaltali um 470 og heildarfjöldi starfsfólks 74.

Boðið er upp á nám í dagskóla í málmíðngreinum, húsasmíði og rafvirkjun ásamt hefðbundnu bóknámi til stúdentsprófs, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Auk þess er boðið upp á dreif- og helgarnám í húsasmíði og á sjúkraliðabraut.

Sérstaða og áherslur skólans frá 2020 felast í lýðræðislegum stjórnunar- og kennsluháttum, sterkum tengslum við atvinnulíf og íþróttir á svæðinu, persónulegri þjónustu, notalegu andrúmslofti og fjölbreyttu námsframboði.

Skólameistari FVA frá 1. janúar 2020 er Steinunn Inga Óttarsdóttir og er hún sjötti skólameistarinn frá stofnun skólans fyrir tæpri hálfri öld.

Jafnrétti – Virðing – Fjölbreytileiki

## Ágrip

Á þessu starfsári var lögð áhersla á stefnumótun með virkri þátttöku allra eins og undanfarin þrjú ár. Unnu bæði deildarstjórar og kennarar dyggilega að stefnunni og settum markmiðum um að bæta enn frekar gott skólastarf. Þá var haldið áfram frá síðasta starfsári með að flétta grunnþætti menntunar og heimsmarkmið SP inn í nám og kennslu eftir föngum og vinna með námskraft og vellíðan nemenda.

Starfsemi skólans bar merki niðurskurðar á árinu þar sem nemendaígildum var fækkað. Verulega var dregið úr yfirvinnu kennara í samræmi við stefnumiðaða ríkisáætlun, starfshlutfall sálfræðings og gæða- og mannauðsstjóra var m.a. lækkað og hagrætt í ræstingum. Fámennir áfangar voru felldir niður og námsstuðningur skorinn niður um helming. Kom það harðast niður í efstu áföngum á stúdentsbrautum og á nemendum sem standa höllum fæti, þvert á markmið okkar og stefnur, en ekki var stætt á öðru.

Helstu áskoranir í kennslunni um þessar mundir eru þrjár; gervigreindin, síminn og úthaldið. Ljóst er að margvíslegir möguleikar eru til að taka gervigreind í þjónustu sína en unnið var með að láta hana ekki yfirtaka skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð. Kennarar brugðu á ýmis ráð til að hamla gegn misnotkun í skilaverkefnum og ritgerðum og reyna ávallt að vera skrefi á undan. Nemendur eiga sífellt erfiðara með að leggja frá sér símann og losa sig úr netinu og er það vandamál bæði skóla og heimila. Úthaldið og seigluþarf stanslaust að þjálfu, m.a. með því að ganga á undan með góðu fordæmi, slaka ekki á kröfum og hvika hvergi.



Á haustönn mættu allir nýnemar í bóknámi (hinn stóri og ósigrandi 09-árgangur!) með tölvur til að nýta í náminu eftir föngum. Skemmst er frá því að segja að ekki veitti af aga, aðhaldi og því að kenna þeim upplýsingatækni og umgengni við algengustu ritvinnsluforrit. Það er hluti af námi í nútímasamfélagi að læra að umgangast tölvur og nýta þær sér til gagns, kunna að einbeita sér, nota helstu forrit, vista skjöl, skila rafrænt osfrv. Áhersla var á að temja sér skipulag og öguð vinnubrögð. Samfélagsmiðlar, flakk á netinu og annað þess háttar sem ekki tengist náminu er yfirlýst óheimilt í kennslustundum. Einföld regla gildir um tölvu- og símanotkun: Öll notkun er óheimil í kennslustund nema kennari segi annað. En erfitt reyndist oft að fylgja henni.

Starfameissan 3. október var einn af hápunktum skólaársins en þar kynntu FVA, FSN og MB og yfir 40 fyrirtæki á Vesturlandi starfsemi sína í samvinnu og með styrk frá SSV ([myndir](#) á vef skólans). Nýttu kennarar um leið tækifærið til að eiga samtal við nemendur um framtíðina, starfsval og framhaldsmenntun, möguleika og drauma. Annar hápunktur var sýning leiklistarklúbbsins Melló á söngleiknum Gauragangi í Bíóhöllinni sem var sýnd tíu sinnum fyrir fullu húsi og höfundurinn, Ólafur Haukur Símonarson, heiðraði okkur með nærveru sinni á frumsýningunni. Þriðji hápunkturinn var stærsta brautskráning frá skólanum í langan tíma, 85 nemendur voru brautskráðir þann 28. maí af 7 mismunandi námsbrautum, þar af voru 23 að ljúka Meistaraskóla FVA. Skólameistari hvatti þá í ræðu sinni við athöfnina til að taka nema í læri.

Nemendahópurinn er fjölbreyttur og mikið er lagt í að koma til móts við allar þarfir. Námsframboðið er fjölbreytt og stoðteymið sérlega öflugt. Fjöldi nemenda á starfsbraut um land allt fer vaxandi. Starfsbrautin er dýr í rekstri en framlag til hennar var lækkað á árinu. Á sístækkandi starfsbraut í FVA er unnið frábært starf og nemendur blómstra. Stoðþjónustan hafði í mörg horn að líta að vanda og mætti nefna því til stuðnings 29 mál sem unnið var með í samþættingu til farsældar og yfir 1300 bókuð viðtöl hjá teyminu á skólaárinu, sjá nánar í kaflanum Stuðningur, bls. 14.

Á heimavist eru að meðaltali um 45 nemendur og sér vistarstjóri um að þar fari allt vel fram og að vistarbúum líði sem best. Langþráðar endurbætur fóru fram á húsnæðinu á árinu, nýr gólfdukur var lagður, gangar og sameiginleg rými máluð og hljóðeinangraðar og eldtraustar hurðir loksins settar upp eftir langa bið. Enn bíða nokkur herbergi bráðnaðsýnlegra endurbóta, mörg hafa ekki verið máluð í langan tíma og brýnt að FSRE bæti úr.

Í FVA er rík áhersla lögð á velferð nemenda og starfsfólks í hvívetna og vel búið að öllum varðandi aðbúnað, tæki og tól. Öll aðstaða til náms og kennslu er til fyrirmyndar. Stutt er við starfsmannafélagið KOSS og nemendafélagið NFFA með ráðum og dáð. Allir starfsmenn skólans komu í starfsmannasamtal á skólaárinu þar sem áhersla var lögð á styrkleika, vöxt og velgengni í starfi og markmiðasetningu í stefnumótun.

Vettvangsferðum með nemendur hefur fjölgað skv. áherslum í stefnumótun um fjölbreytt nám og áhugavekjandi kennsluhætti. Samhliða var regluverkið í kringum nemendaferðir endurskoðað á árinu og styrkt með gátlistum og áhættumati sem var til mikilla bóta og hefur komist upp í vana að fylla út í hvert sinn.

Áhyggjuefni er hversu erfitt það hefur reynst fyrir nemendur okkar í verknámi að komast á samning. Nemaplássin á Vesturlandi eru ekki nægilega mörg og áhugi meistara á að taka að sér nema er því miður dvínandi. Það er vaxandi skortur á iðnaðarmönnum í landinu og vilji stjórnvalda hefur sl ár staðið til þess að auka aðsókn í iðnnám en reikna þarf dæmið til enda. Í fyrsta skipti er staðan sú að nemendur okkar sem hafa lokið öllum áföngum á iðnnámsbraut komast ekki á samning þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Þessir



nemendur sitja uppi með tóma ferilbók og fá þá ekki að útskrifast af brautinni. Áhersla var lögð á að finna lausnir á árinu en þessi vandi verður viðvarandi með aðgerðaleyfi stjórnvalda og kólnandi hagkerfi.

Þau gleðitíðindi urðu um vorið að félagsmenn KÍ fengu langþráðar, verðskuldaðar og umtalsverðar kjarabætur. Kjör skólameistara halda hins vegar áfram að rýrna. Starfsþróunarteymi tók til starfa í FVA á haustönn skv. samkomulagi við KÍ og ríkið frá 25. febrúar 2025. Í því sitja tveir kennarar (launað sérstaklega) og tveir stjórnendur (launalaust). Teymið náði að halda fimm starfsþróunarfundi á haustönn 2025 þar sem unnið var sameiginlega með að kynna sér og læra á notkunarmöguleika gervigreindar í námi og kennslu. Meiri festa og regla verður komin á þessa starfsþróun árið 2026 þar sem kennarar FVA ætla sér stóra hluti. Sjá nánar í kaflanum um Starfsþróun á bls. 7.

Mikil aukning hefur orðið undanfarin tvö ár á aðsókn að lista- og nýsköpunarsviði skólans sem gefur skólalífínu sannarlega lit. Þá hefur fjölgað enn á afrekssviðinu okkar þar sem efnilegir íþróttamenn fá tækifæri til þjálfunar á skólatíma ásamt ýmsum hlunnindum. Verður að segjast að skipulagið á afrekssviði FVA og samstarfið við ÍA er til stakrar fyrirmyndar og eftirbreytni. Góður andi ríkir almennt í skólanum, andrúmsloftið er notalegt og skólabragur hinn besti í anda samskiptasáttmálans okkar. FVA gengur allt í hag!

Annað það sem helst bar til tíðinda úr skólastarfi á árinu 2025 er fært í annála sem eru aðgengilegir á vefsíðu FVA:


[Annáll vorannar 2025](#)

[Annáll haustannar 2025](#)


## Nemendatölur

Meirihluti nemenda er frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit eða um 80%, um 10% af Vesturlandi og um 10% annars staðar frá. Nemendur í dreifnámi búa flestir utan Vesturlands. Einingafjöldi námsbrauta fer eftir eðli náms, t.d. er nám til stúdentsprófs á bóknámsbrautum 200 einingar, starfsréttindanám í dreifnámi (sjúkraliðabrot) 203 einingar og lögverndað iðnnám í húsasmíði 243 einingar. Nemandi þreytir að meðaltali 65 einingar á skólaári en hlutfall lokinna eininga eftir 4 annir er að jafnaði um 85%. Á vorönn 2025 voru 457 nemendur í námi við skólann og í upphafi annar á haustönn 2025 var 481 skráður í skólann. Meðalfjöldi nemenda á árinu var því 469.

### Samsetning nemenda eftir aldri og kyni



### Aldur – fjöldi eftir kyni



### Kynjahlutfall í heild


kk: 63%

kvk: 37%

## Fjöldi nemenda eftir námsbrautum og brautskráðir nemendur

Námsbrautir	Vorönn 2025	Haustönn 2025
Nám til stúdentsprófs	198	241
Iðnnám (dagskóli og dreifnám)	167	175
Starfsbraut	27	29
Framhaldsskólabraut	16	18
Meistaránám (dreifnám)	34	1
Sjúkraliðabraut (dreifnám)	15	17
<b>Nemendur alls</b>	<b>457</b>	<b>481</b>

Samtals brautskráðir á árinu voru 137



## Brotthvarf

Mennta- og barnamálaráðuneytið (MRN) skilgreinir árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla sem hlutfall nemenda í aðalskóla sem hafa hætt í framhaldsskóla á skólaárinu án þess að útskrifast né flytja sig í annan framhaldsskóla.

Samkvæmt niðurstöðum MRN hefur dregið út brotthvarfi nýnema hjá FVA milli ára, en 2025 mælist það 0,9% á móti 4% árið 2024; jafnframt er það lægra en hjá framhaldsskólum almennt, sbr. eftirfarandi mynd\*:

Auðkenni skóla	Nýnemabrottfall 2025	Tilfærsla 2025	Nýnemabrottfall 2024
FVA	0.9%	8.1%	4.0%
Allir skólar	4.5%	10.6%	4.7%

\*Mynd fengin í upplýsingapósti frá MRN til FVA þann 15.4.26

FVA vinnur stöðugt gegn brotthvarfi með með öflugri náms- og starfsráðgjöf og stoðþjónustu og aðgerðum á grundvelli stefnumiðaðrar áætlunar og stefnumótunarvinnu. Leitast er við að tryggja vellíðan og farsæld nemenda, m.a. með notalegum skólabrag, öflugum félagslífi, hvetja til heilbrigðra samskipta og að stuðningur sé viðeigandi og snemmtækur.

## Starfsfólk

### Tölur

Stjórnendur skólans eru þrír: Skólameistari (kvk), aðstoðarskólameistari (kvk) og áfangastjóri (kvk). Skipurit skólans er aðgengilegt [hér](#).



Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur á skólaárinu voru 48,5 (meðaltal vor- og haustannar) í samtals 41,5 stöðugildum. Á vorönninni voru þeir 50 í 40,94 stöðugildum; þar af voru 29 konur í 23,67 stöðugildum og 21 karl í 17,27 stöðugildum. Á haustönn 2025 voru kennarar og leiðbeinendur 47 í 42,09 stöðugildum; þar af voru 25 konur í 21,09 stöðugildum og 22 karlar í 21 stöðugildum:


Kyn	Vorönn 2025			Haustönn 2025		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.*
Karlar	21	42,00%	17,27	22	46,81%	21,09
Konur	29	58,00%	23,67	25	53,19%	21
Heildarfj.	50	100,00%	40,94	47	100,00%	42,09

Samhliða kennslu sinntu 9 kennarar deildarstjórn (6 konur og 3 karlar).

Aldursdreifingu kennara má sjá í töflunni hér til hliðar:

20-29 ára	2 kennarar	4%
30-39 ára	10 kennarar	21%
40-49 ára	13 kennarar	28%
50-59 ára	10 kennarar	21%
60-70 ára	12 kennarar	26%

Í lok árs 2025 eru 94% kennara við skólann með fagmenntun í sinni kennslugrein og kennsluréttindi. Tveir þeirra luku kennsluréttindanámi á árinu. Leiðbeinendur eru þrír og þar af kenna tveir í verknámi og eru öll með fagmenntun í sinni grein. Einn þeirra hefur hafið kennsluréttindanámi.



Stefnt er að því að allir kennarar verði með kennsluréttindi og undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á starfsþróun og menntun kennara, m.a. með mögulegum sveigjanleika í stundatöflu til að stunda kennsluréttindanámi. Árangurinn má sjá á myndinni hér til hliðar en hlutfall kennara án kennsluréttinda var 22% árið 2019 en er 6% haustið 2025.

Annað starfsfólk að meðtöldum stjórnendum var samtals 27 á haustönninni í samtals 17 starfsheitum. Stöðugildi voru rúmlega 20, þar af voru 22 konur í rúmlega 16 stöðugildum og 5 karlar í tæplega 4 stöðugildum. Til viðbótar skal telja einn starfsmann (kvk) sem var í tímavinnu (gæðamál).

Einn kennari var í námsleyfi á vorönn og áfangastjóri á haustönninni.

Starfsmannavelta á árinu var 5,9 %

Listi yfir starfsfólk FVA á hverjum tíma er aðgengilegur á vefsíðu skólans. Myndbirting er í samráði við viðkomandi.

Meðalaldur alls starfsfólks á skólaárinu var 48,35 ár og meðalstarfsaldur 8,23 ár.

## Starfspróun

Í kjara- og stofnanasamningi kennara er staðfest að þeir geta fengið tímabundið launaprep (að jafnaði 1 – 2 annir í senn) til að sinna starfspróun, frampróun í starfi og nýsköpun í samræmi við þarfir skólans. Á árinu 2025 var úthlutað samtals 22 launaprepum skv. bókun 2 úr samkomulagi við KÍ frá 2021 til jafnmargra félagsmanna KÍ.

Starfspróunarteymi tók til starfa í FVA á haustönn skv. samkomulagi við KÍ og ríkið frá 25. febrúar 2025. Teymið skipa tveir kennarar og tveir stjórnendur. Það felur í sér að 80 klst. af ársvinnuskyldu í B-hluta sem ætlaðar eru til starfspróunar verður ráðstafað þannig að 16 klst. þar af fara fram á starfstíma skólans á sameiginlegu forræði skólameistara og félagsfólks FF og fékkst m.a. fyrir þetta launahækkun til kennara. Skv. starfspróunaráætlun teymisins var fyrst gerð þarfagreining á því hvar áhugi hópsins á endurmenntun lægi og síðan náðist að halda fimm fundi á haustönn þar sem unnið var sameiginlega með gervigreind. Kennarar skólans ætla sér stóra hluti í starfspróun sinni og engan bilbug er á þeim að finna.

Kennarar og annað starfsfólk sótti ásamt Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi þrískólafund sem haldinn var 29. september í FSU í Keflavík. Skólarnir þrír eiga gjöfult samstarf sem stækkar tengslanet og felur í sér hagnýta starfspróun. Stjórnendur skólanna hittast mánaðarlega á fundi í Reykjavík til að ræða ýmis skólamál.

## Stefnumótunarvinna og stefnumiðuð áætlun

Stefnumótunarvinna hjá FVA hófst 2023 með þátttöku alls starfsfólks. Hún á rætur í meginmarkmiði skólastarfs í framhaldsskólum skv. aðalnámskrá og áherslum MRN ásamt



Menntastefnu Íslands til 2030, þar sem kennarar eru hvattir til þróunarstarfs og nýbreytni í kennslu og bæði er horft til námsinnihalds og námsumhverfis. Hún tekur þannig til markmiða í kjarnastarfsemi í stefnumiðuðri ríkisáætlun, en á einnig í almennum rekstri, þ.e. um öflugan mannauð og sjálfbæran rekstur.

Með stefnumótunarvinnu með aðkomu starfsfólks eflum við skólastarfið í heild, nemendur, mannauðinn og ímynd FVA. Aftaksturinn er sameiginleg framtíðarsýn fyrir FVA með fjórum grunnstoðum og undirliggjandi einkunnarorðum skólans, sbr. mynd hér til hliðar.

FVA leggur áherslu á framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem öll skipta máli og geta lært. Á árinu unnu deildir með lykilárangursþættina *Stöðug og góð aðsókn að námi; Velferð og vellíðan í fyrirrúmi; Skýr námskrá og faglegur rammi; Hvetjandi starfsumhverfi* og mótuðu markmið og aðgerðir þeim til uppfyllingar. Mælikvarðar á árangur verkefna og aðgerða rúmuðust að jafnaði innan mælikvarða í stefnumiðuðri ríkisáætlun en í sumum tilvikum voru þeir aðrir. Sem fyrr var ráðgjafi frá [Hugsýn](#) deildarstjórum til ráðgjafar og stuðnings og veitti reglubundna eftirfylgd ásamt skólameistara.:



## Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi

- **Stöðug og góð aðsókn að námi:** Aðsókn nemenda af heimasvæðum skólans var nálægt 90%. Unnið var að því að auka aðsókn með kynningarstarfi (Mín framtíð, Starfamestur, aukið samstarf við grunnskóla, samfélagsmiðlar). Fjölbreytt nám, endurbætur á heimavist (ath ekki fjárhagsl grundvöllur fyrir eins miklu framboði í dreifnámi og við hefðum viljað (húsasm., sjúkral., og meistaranám).
- **Velferð og vellíðan í fyrirrúmi:** Skv. niðurstöðum Skólapúlsins mældist líðan nemenda 4,7 (2024). Mætingahlutfall nemenda (allir) vorið 2025 var rúm 78% en markmiðið var 85%. Ýmsar áherslur í stefnumótun beindust að velferð og líðan nemenda, t.d viðtöl við nemendur, símamál tekin fastari tókum, virkjað til þátttöku og ábyrgðar. Vettvangsferðir nýttar markvisst, styðja við notkun á Innu og eftirlit með skólasókn. **Verið** opið í hverri viku. Samstarf stoðteymis og Akraneskaupstaðar með um 30 nemendur í farsældarþjónustu. Tilkynningar til barnaverndaryfirvalda. Öflug gæsla á böllum. Félagslífsfulltrúi í 25% starfi. Innkaup á húsgögnum og tækjum. NFFA hvatt til þátttöku, stutt með ráðum og dáð, aðstaðan bætt.
- **Skýr námskrá og faglegur rammi:** Í kennslukönnun H24 voru 90% nemenda sammála eða frekar sammála um góð gæði námsaðstöðu. Skólanámskrá er í sífelldri endurskoðun og skólareglur og heimavistarreglur uppfærðar reglulega. Breytingar á td uppbyggingu í RAF og MÁLM til samræmis við aðrar brautir á landsvísu. Utanumhald með ferilbók.
- **Hvetjandi starfsumhverfi:** Hlutfall kennara með réttindi var 94% H2025. Stofnun ársins mældist 4,31 (markmiðið var 4,30). Starfsþróunarteymi var virkjað um haustið. Hvetjandi starfsumhverfi felst m.a. í að fólki líður vel, fær hrós, hvatningu og sveigjanleika, aðbúnaður eins og best verður á kosið, öflugt starfsmannafélag, liprir stjórnunarhættir, lýðræði og sjálfræði, snerpusamtöl í kjölfar kennslukannana, árleg starfsmannasamtöl, jólagjöf, viðburðir haldnir hátíðlegir, árshátíð og jólahlaðborð, ódýrt með kaffinu, gott mötuneyti, góður stofnanasamningur og tækifæri til starfsþróunar.



Stefnumiðuð áætlun FVA til þriggja ára endurspeglar áherslur stjórnvalda hverju sinni og er áætlunin í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Gerð áætlunarinnar og eftirfylgd við hana er í höndum skólastjórnenda með aðkomu fjármálastjóra og gæðastjóra. Í samræmi við [stefnumótun á málefnaviði framhaldsskóla](#), þar sem framtíðarsýnin er að fleiri einstaklingar verði virkir og skapandi þátttakendur í samfélaginu, leggur FVA áherslu á velferð nemenda, námskraft og árangur í lýðræðislegu umhverfi; að nám í skólanum sé í takt við þarfir samfélagsins með samhæftri þjónustu fyrir viðkvæma hópa, stuðning við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi. Á vefsíðu skólans er [yfirlit](#) yfir valin markmið, mælikvarða og aðgerðir í stefnumiðaðri áætlun FVA 2025-2028 sem nær bæði til [kjarnastarfsemi](#) og [almenns rekstrar](#). Í yfirliti hér á eftir um áherslur og árangur miðað við setta mælikvarða, er jafnframt gerð grein fyrir hvernig stefnumótunarvinna í deildum studdi við markmiðin.

### Kjarnastarfsemi - markmið, mælikvarðar og aðgerðir

- Bæta skólasókn nemenda
- Laða að fleiri kyn í verknám dagskóla

Bæta skólasókn nemenda



Einn mælikvarði var settur fyrir markmiðið: Mæting til mætingareinkunnar hækkuð (úr 87 2025 í 93 miðað við 2028). Skólasókn hefur dalað lítillega og við ætlum að auka aðhald með skólasókn, skerpa á greiningarvinnu ásamt auknu eftirliti og aðhaldi m.a. með aðkomu stoðteymis. Verkefnið er í vinnslu og vonir standa til að sjá megí árangur strax á vorönn 2026.

#### Laða að fleiri kyn í verknám dagskóla

Mælikvarði fyrir árangur: Hlutfall þess kyns sem hallar á fari úr 5% (2025) í 15% (2028). Aukin áhersla verður á öflugt kynningarstarf á verknámi sem aðlaðandi kost fyrir fleiri en eitt kyn. Á haustönninni voru námskynningar lagaðar að þessu og samfélagsmiðlar nýttir vel. Einnig voru skipulagðir fundir með stúlkum í iðnnámi þar sem m.a. var rætt um áskoranir og kosti þess að starfa í hefðbundnum karlastörfum, sjá nánar undir Jafnréttismál, bls. 11.

#### Almennur rekstur – Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

- **Sýna hagsýni og ráðdeild í innkaupum**
- **Stýra hópastærðum innan viðmiðunarmarka vinnumats**

#### Sýna hagsýni og ráðdeild í innkaupum

Auka hlutfall innkaupa innan rammisamninga. Mælikvarði á árangur er hækkað hlutfall (er 36,56%) skv. mælaborði FJS og unnið að því að fara upp í 40-45% á næstu þremur árum.

#### Stýra hópastærðum innan viðmiðunarstærðar vinnumats

Við stefnum að því að fækka hópum sem eru með nemendafjölda undir lágmarki, eins og hægt er hverju sinni, en þó þannig að þjónusta við nemendur skerðist ekki. Árangur er metinn á hverri önn.

#### Samræmd markmið – Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

- **Góð þjónusta**
- **Öflugur mannauður**
- **Sjálfbær rekstur**

Markmið eru tilgreind í stefnumiðaðri ríkisáætlun og árangursmælikvarðar fyrir þau eru sótt í Stofnun ársins, Þjónustukönnun ríkisins, Stafræna hæfnikönnun og Grænt bókhald. Alltaf er stefnt að því að rekstur skólans sé innan áætlunar, sjá niðurstöðu fyrir árið 2025 á bls. 23. Staða FVA í stofnun ársins var einn árangursmælikvarða fyrir árið. Við fengum einkunnina 4,31 og náðum settu marki (4.30).

#### Aðgerðir á árinu:

- Áfram var unnið með starfsfólki að stefnumótun fyrir skólann (hófst 2023). Mælikvarðar á árangur aðgerða/verkefna í lykilárangursþáttum eru sumir hverjir ekki fullmótaðir en mat okkar er að samtal um niðurstöður aðgerða sé ekki síður gagnlegt: Þar sem rætt er um niðurstöður, hvaða lærdóm megí draga að þeim, horfa út fyrir boxið, finna leiðir til úrbóta og halda áfram enda er stefnumótunarvinnan langhlaup sem skilar mögulega ekki árangri fyrr en eftir nokkrar annir.
- Áætlað er að draga úr úrgangi frá skólanum um 6% fram til 2030. Allt sorp er flokkað í skólanum og lífrænn úrgangur í mótuneyti fer í gegnum sorpkvörn eða í hænur eins starfsmanns. Hafa þarf í



huga að við erum háð fyrirkomulagi hjá Akraneskaupstað en flokkun sorps skv. fjórflokkun hófst síðla árs 2024 en er ekki komin að fullu í gagnid fyrir fyrirtæki og stofnanir.

- Markmið okkar er að starfsfólk noti hagkvæman, vistvænan og heilsusamlegan ferðamáta í anda sjálfbærni. Aðgerðir því til uppfyllingar eru annars vegar samgöngusamningar við starfsfólk, sbr. [samgöngustefnu FVA](#) en þeir eru 34, þar af voru 18 endurnýjaðir á árinu og hins vegar hleðslustöðvar (4) sem settar voru upp við skólann 2022. Raunnotkun á árinu 2025 var 18.244,175 kWh í 899 hleðslulotum. Notkun þeirra takmörkuð seinni hluta árs 2025 vegna uppfærslu á 3g sendum stöðvanna, en bið var á því að þeir fengjust uppfærðir frá Orkusala. Áætluð uppfærsla var í ársbyrjun 2026. Eftir sem áður er þessi þjónusta í boði fyrir nemendur, starfsfólk og nágretta.
- Samkvæmt upplýsingum úr grænu bókhaldi miðar okkur vel að minnka kolefnisspor skólans á flestum sviðum en sjáum tilefni til að endurskoða markmið fyrir rafmagnsnotkun.

#### Bæta stafræna þjónustu, gagnavörslu og gagnaskil

Fyrsti mælikvarðinn er þroskastig afhendingaskyldra aðila ríkisins skv. mælingum Þjóðskjalasafnsins en á árinu 2022 var skólinn á þroskastigi 1. Sett var markmið um að ná þroskastigi 2 en í lok árs 2024 hafði FVA náð þroskastigi 3 með 19 stig, sem er umfram það sem við töldum okkur geta þegar mælikvarðinn var ákveðinn á sínum tíma. Aðeins þrjú framhaldsskólar voru á þroskastigi 4 þegar síðasta könnun var lögð fyrir. Til að FVA komist ofar þarf að tilkynna öll önnur rafræn gagnasöfn, þar með talin úreld gagnasöfn og fá niðurstöðu um varðveislugildi þeirra. Einnig þarf að afhenda öll pappírsskjöl sem eru orðin eldri en 30 ára. Hjá FVA hafa þau að mestu leyti verið frágengin og skráð samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns en bíða afhendingar.

Árið 2024 afhenti skólinn Þjóðskjalasafni Íslands rafræn gögn skólans frá 4. mars 2019 til 1. ágúst 2023 til varðveislu eins og skylt er. Árið 2028 mun skólinn því skila vörsluútgáfu af rafrænum gögnum frá 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2028.

Annar mælikvarði var innleiðing á beiðnakerfi hjá umsjónarmanni fasteigna, tölvuþjónustu og skrifstofu til að bæta forgangsröðun verkefna. Beiðnakerfi tölvuþjónustu hefur verið tekið í gagnid og gengur vel. Skoðun á útfærslu fyrir umsjónarmann fasteigna og skrifstofu þarf að rýna betur á komandi ári. Til stóð að komu þessu á á fyrrihluta árs 2025 en það náðist ekki.

#### Ýmis áhersluverkefni - framvinda

Í samræmi við [gæðastefnu FVA](#) og áherslur gæðakerfis skólans er reglubundið lagt mat á hvort framvinda verkefna fer saman við væntan árangur og brugðist við eftir því sem við á. Stefnan hefur að markmiði að unnið sé að stöðugum umbótum á öllum sviðum skólastarfsins, kennslu, þjónustu, faglegs samstarfs, samskipta og stjórnunar. [Gæðahandbók FVA](#) á vefnum geymir gæðaskjöl eins og verklagsreglur og leiðbeiningar og er ætlað að tryggja samræmda og rétta meðferð mála. Fjöldi verkefna til viðbótar við aðgerðir stefnumiðaðrar áætlunar og stefnumótunar eru í gangi á hverjum tíma og þau helstu tíunduð hér neðar.

- [Jafnlaunakerfi FVA](#); í samræmi við núgildandi lög var árleg úttekt löggiltrar vottunarstofu framkvæmd og staðfesti vottunarstofan iCert í mars 2025 að kerfið og framkvæmd hjá FVA uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85-2012. Verklagsreglur og önnur skjöl kerfisins eru aðgengileg í [Gæðahandbók](#) (undir Jafnlaunamál).



- Heilsueflandi framhaldsskóli og Heilsueflandi vinnustaður; öflugt heilsueflingarteymi (starfsfólk í samstarfi við fulltrúa nemenda), mótar og stýrir lengri og skemmri átaksverkefnum sem styðja við heilbrigðan lífsstíl, bæði fyrir nemendur og starfsfólk.
- Persónuverndarfulltrúi leiðbeinir nemendum og starfsfólki um hvað má og hvað ber að varast varðandi persónuvernd. Persónuverndarstefna, leiðbeiningar og verklagsreglur um meðferð persónuverndarmála eru aðgengileg í Gæðahandbók (undir Persónuverndarmál) enda er okkur umhugað um að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við lög þar um.
- Samskiptasáttmála FVA er haldið á lofti í leik og starfi til að styðja við stefnu skólans og EKKO forvarnir ásamt gildunum jafnrétti, virðing og fjölbreytileiki. Sáttmálinn er leiðbeinandi fyrir nemendur og starfsfólk um góð og árangursrík samskipti.
- Fjölbreytileiki og inngilding eru í heiðri höfð. Engar mælingar fóru þó fram á árinu 2025 en skólinn tók þátt í inngildingarpúlsi Öldu 2023 þar sem meðal inngildingarvísitala er 3,4 stig. Þá mældist FVA hærra, eða með 4,07 stig sem er vísbending um að starfsfólk upplifi að það tilheyri og sé virt á vinnustaðnum, óháð bakgrunni. Sama ár var tveimur starfsmönnum, frá Póllandi og Rússlandi, sem sáu um þrif í skólanum en unnu hjá ræstingafyrirtæki, boðið starf við skólann. Við launaröðun var bætt við launabætur fyrir að læra íslensku með aðgangi að appinu BARATALA á kostnað skólans. Við að skipta um vinnuveitanda fengu þessir starfsmenn hærri laun og betri vinnuaðstæður í hvívetna. Er oft haft á orði hvað skólinn er hreinn og snyrtilegur.
- Jafnréttismál; jafnréttisfulltrúi hélt áfram úti fræðslu fyrir starfsfólk með áherslu á hugtaka- og orðanotkun í kynjafræðum og jafnréttismálum. Kennarar tóku í framhaldi umræðu með nemendum um málin. Í byrjun haustannar skipulagði jafnréttisfulltrúi fundi með stúlkum í iðnnámi en mikill meiri hluti nemenda eru drengir; m.a. var rætt um áskoranir og kosti sem geta fylgt stöðu kvenna í hefðbundunum karlastörfum á vinnumarkaði. Aðspurðar voru þær ánægðar með fundina. Jafnréttisfélagið Bríet er starfandi og sér m.a. um að fylla á tíðavörur á salernum skólans. Þá var skipulagður Jafnréttisdagur FVA í viku 7 og hann festur í skóladagatalinu. Í lok haustannar boðaði Jafnréttisnefnd KÍ til samkeppni um jafnréttisverkefni (JAKI) af ýmsu tagi. Áhugi var fyrir þátttöku á sviði lista og nýsköpunar og því má vænta afurða þaðan á komandi vorönn.
- Holl næring er einn af áhersluþáttum heilsueflandi framhaldsskóla: Mötuneyti skólans býður upp á heilsusamlegt fæði í hádegi og er grænkerafæði valkostur. Þá er boðið upp á frían hafragraut að morgni og með lítilla breyttri tímasetningu að morgni til kl 9, þá fjölgaði verulega í hópi þeirra sem þiggja grautinn!

- Umhverfismál;

áhersla er á umhverfismál í skólanum og áfanginn umhverfisfræði er kenndur í kjarna á öllum brautum. Kennari gegnir hlutverki umhverfisfulltrúa og fer fyrir umhverfisfræðslu í samstarfi við aðra kennara sem einnig hafa umhverfismál að



leiðarljósi. Fræðsluáætlun fyrir 2025 var fylgt eftir, sjá á vefsíðu skólans en aðgerðaráætlun FVA í umhverfis- og loftslagsmálum er í endurskoðun. Helstu verkefni á árinu 2025: Allir nýnemahópar fengu fræðslu og umræður um umhverfismál almennt (ekki eingöngu um plastmengun eins og upphaflega). Þá er það orðið að föstum síð að útskriftarnemar gróðursetja tré fyrir útskrift í



samstarfi við Skógrækarfélag Akraness. Á Opnum dögum stóð umhverfishópur skipaður nemendum (2025) fyrir nokkrum námskeiðum, s.s. gerð umhverfislistaverks (úr rusli), námskeiði í grænkeramataræði og málstofu um umhverfismál. Nemendur á listasviði tóku þátt í verkefnunni „Ungt umhverfisfréttafólk“ og hrepptu bronsverðlaun fyrir eitt verkefnið og þá er umhverfisfræðsla hluti námsefnisins í nokkrum tungumálaáföngum. Umhverfisfulltrúi minnir nemendur og starfsfólk á „umhverfisdag“ (s.s. dag jarðar, neyslugrannan nóvember, dag íslenskrar náttúru o.fl.).

- Rafræn atvikaskráning er gerð í gegnum vef skólans. Atvik geta verið af ýmsum toga, þ.e. slys en einnig „næstum því slys“ og geta orðið hvar sem er, í skólastarfi sem annars staðar. Þau geta m.a. komið upp í vettvangsferðum með nemendur sem eru nokkrar á hverri önn (sjá kaflann Félagslíf og nám). Fyrirliggjandi reglur um þær voru endurskoðaðar á árinu, ásamt gátlistum og yfirliti yfir mögulegar áhættur og leiðbeinandi viðbrögð við þeim. Árlega er tekin saman skýrsla yfir skráð atvik og fjölda, ásamt fjölda þeirra sem varð fyrir atviki, sett upp í myndrænt yfirlit (öryggiskrossinn) og kynnt starfsfólki. Skráðum atvikum er fylgt eftir og skoðað með öryggisnefnd hvort og hvernig megi gera úrbætur til að koma í veg fyrir endurtekin atvik af sama toga. Utanumhaldið er liður í uppbyggingu öryggismenningar þar sem öryggi endurspeglar gæði, sbr. næsta lið.

- Öryggismál: Á árinu voru haldnir fimm fundir í öryggisnefnd en nefndin var kynnt á skólafundi í ágúst. Nefndin tekur þátt í greiningu tilvika sem skráð eru í Atvikaskráningu. Helstu áhersluverkefni öryggisnefndar á árinu voru öryggismerkingar í kennslurými verknáms og viðbrögð við bráðaofnæmi. Brunæfing í skólanum í september. Á starfsmannafundi í janúar var farið yfir netöryggismál almennt, reglur um nemendaferðir og EKKO teymið var kynnt. Farið var ítarlega yfir ýmislegt sem varðar ofnæmi, flog, sykurfall o.fl.



Algjört hnetubann er í FVA og voru merkingar settar upp í skólanum og auglýst á skjá, vef, Skruddu og Instagram. Á starfsmannasíðunni á Teams er rás sem heitir Bráðatilvik en þar eru aðgengilegar upplýsingar frá móður nemanda sem ofnæmi sem nýst hafa í grunnskólanum. Þá kom sjúkraflutningamaður á starfsmannafund og rifjaði með starfsfólki hvernig nota ætti hjartastuðtækið. Sérfræðingur hélt fyrirlestur um netöryggi fyrir nemendur á Opnum dögum. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands kom í reglubundna eftirlitsferð í lok maí; gerðar voru athugasemdir við loftræstikefi í húsi málmíðngreina og innra eftirlit í mötuneyti. Brugðist var við þessum ábendingum.



## Nám

[Skólanámskrá FVA](#) fjallar um skólastarfið almennt, námsframboð, kennsluhætti, námsmat, prófareglur, verkefnaskil o.fl. Árleg endurskoðun hefur að markmiði að tryggja ávallt gæði menntunar. Endurskoðuð skólanámskrá tók gildi í september 2025 eftir yfirferð og minni háttar breytingar.

Á vefsíðu, undir [Námsbrautir](#), eru upplýsingar um námsframboð og gildandi brautalýsingar á hverjum tíma. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir námsbrautirnar árið 2025:



Námsframboð	Brautir á vorönn 2025	Brautir á haustönn 2025
Almennt nám	Framhaldsskólabraut (FRH)	Framhaldsskólabraut (FRH)
Nám til stúdentsprófs	Félagsvísindabraut (FÉL)	Félagsvísindabraut (FÉL)
	Náttúruvísindabraut (NÁT)	Náttúruvísindabraut (NÁT)
	Opin stúdentsbraut (OS)*	Opin stúdentsbraut (OS)*
	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)
Iðnnám	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)
	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)
	Námsbraut í vélvirkjun (VÉL)	Námsbraut í vélvirkjun (VÉL)
Starfstengt nám annað en iðnnám	Dreifnám í húsasmíði	Dreifnám í húsasmíði
	Sjúkraliðabraut (SJÚ)	Sjúkraliðabraut (SJÚ)
Nám til meistaráttenda í iðngrein	Iðnmeistarabraut (MEIS)	
Nám fyrir nemendur með þroskahömlun og skyldar raskanir	Starfsbraut (ST4)	Starfsbraut (ST4)
Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann	Ótilgreint nám (ÓTN)	Ótilgreint nám (ÓTN)

\*Á opinu stúdentsbraut geta nemendur sérhæft sig t.d. á sviði íþróttar og heilsuefingar, lista og nýsköpunar, í tungumálum, tónlist eða í viðskiptagreinum.

Í kaflanum Nemendatölur bls. 4 má sjá skiptingu nemenda á námsbrautir.

Opið var fyrir umsóknir um nám á sjúkraliðabraut fyrir haustönn 2025 en ekki bárust nægilega margar umsóknir. Í nóvember var aftur opnað fyrir umsóknir og í lok haustannar var innritaður hópur fyrir vorönn 2026.

## Félagslíf og nám

Nám á sér ekki aðeins stað í kennslustofunni í glímu við úrlausn verkefna samkvæmt skólanámskrá og kennsluáætlunum. T.d. getur þátttaka í félagslífi og skipulagðar vettvangsferðir sem tengjast námsefninu, ýtt undir áhuga og falið í sér nám. Í slíkum ferlum sjá nemendur þá með eigin augum, vinna í kjölfarið verkefni eða fjalla um reynsluna, munnlega eða skriflega. Sem dæmi um vettvangsferðir á árinu má nefna sögugöngur, leikhúsferðir, heimsókn í vélsmíðjur, til HMS, jarðfræðiferð ofl. tengt áföngum; þá skipulögðu kennarar nokkrar sameiginlegar vettvangsferðir tveggja áfanga, t.d. ferð þar sem námsefnið var skoðað út



Fjölbrotaskóli Vesturlands  
á Akranesi

frá listum og íslensku. Tvær ferðir voru farnar til útlanda í tengslum við dönskuáfanga og þýskuáfanga (sjá kaflann um erlend samskipti – alþjóðlegt samstarf, bls. 16).

Mikil ánægja er meðal nemenda og kennara með vettvangsferðir en ferðakostnaður er mikill. Allar vettvangsferðir eru skipulagðar fyrirfram og áhættumetnar á grundvelli verklagsreglu þar um. Kennarar skila skýrslu til skólameistara í kjölfar ferðar þar sem árangur ofl. er metið.

Þátttaka nemenda í öflugum félagsstarfi og klúbbstarfsemi er mikilvæg enda er hún til þess fallin að efla þau og styrkja þar sem þau prófa sjálf, nýta rödd sína, láta í ljós skoðanir og hafa þannig áhrif á nærsamfélag sitt með virkum hætti. Nemendur FVA eru hvött til þátttöku. Sem jafnan áður tók fjöldi nemenda þátt í klúbbstarfi á árinu en mest var þátttaka í leiklistarklúbbnum Melló. Nemendur geta mögulega áunnið sér 1-5 einingar á skólaári fyrir verulega vinnu að félagslífi á vegum nemendafélagsins NFFA, en lágmarksframvinda í námi er tilskilin, 20 ein. á önn. Skólameistari ákvarðar um þetta í lok annar að fengnum tillögum frá stjórn NFFA.

Á árinu voru haldnir 5 dansleikir fyrir nemendur. Árshátíð NFFA var haldin í golfskála Leynis en aðrir dansleikir í skólahúsnæðinu. Nemendur hafa val um að fara í Edrú-pottinn þar sem vinningar eru veglegir og blása þá í áfengismæli. Yfir 60% nemenda blása á hverju balli. Leit er gerð á öllum nemendum en enginn er tilneyddur en fer hins vegar ekki inn á dansleik ef hann hafnar. Dansleikir fara almennt mjög vel fram og hegðun nemenda til fyrirmyndar. Sýningin Gauragangur var sýnd alls 10 sinnum fyrir fullu húsi við feiknagóðar undirtektir. Um 60 nemendur komu að sýningunni og sáu um ljós, tónlist, búninga og kynningarmál o.fl., auk þess að stíga á svið. Foreldrar nemenda í leiklistarklúbbnum aðstoðuðu við sviðsmyndagerð. Nokkrir klúbbar voru starfandi innan NFFA og á haustönn var sett upp dagskrá viðburða þar sem ákveðinn klúbbur hafði veg og vanda að hverjum viðburði, s.s. viskuklúbbur, Pmax klúbbur, jafnréttisfélag og góðgerðarfélag. Viðburðirnir voru haldnir í Hvíta húsinu, félagsmiðstöð á vegum Akraneskaupstaðar fyrir 16-25 ára. Viskuklúbburinn heldur utan um þátttöku nemenda í Gettu betur og Íþróttaklúbbur sér um íþróttakeppnir en nemendur FVA kepptu í Winter Cup við MB og FSN. Í ár var Winter Cup haldið á Akranesi. Í annálum vor- og haustannar 2025 má lesa nánar um félagsstarfið.

Félagslífsfulltrúi (í sem svarar 25% starfshlutfalli) er úr röðum kennara og er stjórn NFFA til halds og trausts og fundar vikulega með stjórninni. Félagslífsfulltrúinn er einnig í góðu samstarfi við nemendapjónustu, skólastjórnendur, umsjónarmann fasteigna og annað starfsfólk eftir því sem við á.





## Starfsbraut

Fjöldi nemenda á starfsbraut haustið 2025 var 39 og fjölgaði þeim um 4 frá haustinu áður en þá hafði þeim fjölgað um 11. Sérkennarar eru fimm (þar af er deildarstjóri sem jafnframt á sæti í stoðteymi skólans), auk iðjuþjálfra (1) og stuðningsfulltrúa (4). Aðstaða starfsbrautar hefur öll verið standsett á sl. þremur árum og er til fyrirmyndar, helst má nefna þrjár fullbúnar kennslustofur, kennslueldhús, salernisaðstaða fyrir nemendur með fötlun og sér herbergi fyrir nemanda sem þess þarf, auk skrifstofu deildarstjóra. Þá hefur brautin aðgengi að tölvustofu en spjaldtölvur eru orðnar úreldar. Samstarf við foreldra-/forráðamenn og grunnskólana á Akranesi er mikið og gott sem og við aðra hagaðila. Stefna starfsbrautar er efla sjálfstæði nemenda til að verða fullgildir þegnar í samfélaginu og geta fótað sig í lífinu í samræmi við réttindi sín og skyldur. Kennsla og stuðningur beinist að þessu og þar með talið að auka þekkingu þeirra á umhverfi sínu og lesa rétt í aðstæður.



Kennarar brautarinnar sjá að mestu um að útbúa námsefnið en nemendur greiða efnisgjald. Þá eiga nemendur sem hafa getu til kost á að stunda almennt nám með stuðningi. Sérstök áhersla er á samskipti, heilbrigði, hreyfingu og matreiðslu. Nemendur fá viðeigandi aðstoð, s.s. við lestur og úrvinnslu í hefðbundnum námsgreinum og kappkostað er að nemendur nýti styrkleika sína í verkefnum. Á þriðja ári hefja nemendur starfsnám. Þar fer fram kennsla um vinnusiðferði, réttindi og skyldur á vinnustað og nemendur fá kynningu á störfum í nærsamfélaginu. Á fjórða ári fá nemendur að spreyta sig í tíu vikur á vinnustað sem er valinn í samráði við þau. Stuðningsfulltrúi fylgir þeim á staðinn og er þeim og atvinnurekanda til halds og trausts á tímabilinu.

## Heimavist

Við skólann er starfrækt heimavist með 30 herbergjum, eldhúsi, þvottahúsi og sameiginlegri dagstofu. Vistarstjóri er í fullu starfi, auk þess eru næturvaktir um helgar. Aðsókn að vistinni er góð en eftirspurn eftir eins manns herbergi eykst mjög. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu sumarið 2025 og ríkti mikil gleði hjá vistarbúum þegar langþráðar, eldtraustar og hljóðeinangraðar hurðir voru loksins settar upp við haustannarlök eftir langa bið.

Nú þurfa FSRE og verktakar að einhenda sér í margumbeðnar endurbætur á þeim herbergjum sem komin eru á tíma, s.s. að mála herbergin og bæta sorpaðstöðuna. Ekki er við öðru að búast fyrir leigusala sem fær rúmar 18 milljónir á mánuði í leigu en að reglubundið viðhald þurfi á húsnæði frá níunda áratugnum þar sem 45 unglingar í fullu fjöri ganga um.

## Stuðningur

Stoðteymi var skipað náms- og starfsráðgjöfum í 1,5 stöðugildum, skólahjúkrunarfræðingi í 50% stöðu (12,5% hlutfall er greitt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands) og sálfræðingi í 75% starfshlutfalli á vorönn en



50% á haustönn. Teymið er nemendum til halds og trausts og vinnur m.a. með EKKO-mál. Fjöldi bókaðra viðtala á árinu var eftirfarandi en bent er á að nemendur fá oft til að fá ráðgjöf án þess að vera með bókað viðtal enda standa dyr stoðteymis nemendum og forráðamönnum þeirra ávallt opnar án tillits til þess hvort viðtal var bókað eða ekki:

Þjónusta	Fjöldi bókaðra viðtala 2025
Náms- og starfsráðgj.	rúmlega 900
Skólahjúkrunarfr.	230
Sálfræðingur	212

EKKO-teymi FVA vinnur ötullega að forvörnum og sérhæfir sig í viðbrögðum við einelti, kynbundnu og kynferðislegu áreiti. Í teyminu sitja námsráðgjafar, jafnréttisfulltrúi, fulltrúar nemenda, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi stjórnenda. Haldið var upp á dag gegn einelti (gulur september) og í viku Sex skipulagði teymið ásamt Jafnréttisklúbbnum Bríeti og Góðgerðarfélaginu GEY metnaðarfulla fræðsludagskrá og sá um skipulag viðburða; þemað að þessu sinni var öryggi og ofbeldi. Við vinnum að EKKO forvörnum á grundvelli stefnu skólans og samskiptasáttmála. Stefna, aðgerðir gegn EKKO og forvarnaráætlun, verklagsreglur og leiðbeiningar um meðferð EKKO mála eru aðgengileg í [gæðahandhandbók](#) (undir EKKO) á vefnum.



Farsældarteymi er skipað þremur tengiliðum ásamt deildarstjóra starfsbrautar. Teymið er öflugt, fundar reglulega og tekur þátt í samstarfi við Akraneskaupstað frá hausti 2022, á grundvelli laga nr. 86/2021 en Akranes er innleiðingarsamfélag á farsældarlögunum. Á árinu 2025 nutu 29 nemendur samþættrar þjónustu í skólanum á grundvelli farsældarlaga. Skólinn tekur áfram þátt í samstarfsvettvangi framlínufólks í velferðarþjónustu barna og skólaþjónustu á Vesturlandi með það að leiðarljósi að efla tengslanet og staðbundna þekkingu innan málaflokksins. Á árinu 2025 var lögð áhersla á fræðslu fyrir framlínufólk í farsældarþjónustu, með m.a. vinnulotum sem snéru að frístundum, forvörnum og foreldrum.

Þá var námsaðstoð í stærðfræði veitt í Verinu og hefur aðsókn aukist jafnt og þétt milli ára.

## Erlend samskipti – alþjóðlegt samstarf

FVA lítur svo á að í nútímasamfélagi eigi alþjóðasamskipti að vera hluti menntunar, sbr. [Alþjóðastefnu FVA](#) og er skólinn vottaður Erasmus-skóli 2022-2027. Markmiðið er að efla víðsýni, auka skilning á öðrum menningarheimum, stuðla að virku samtali við aðrar þjóðir, kynnast ólíkum sjónarhornum, siðum og venjum. Í skólanámskrá má nálgast [grunnreglur](#) sem varða utanlandsferðir og þátttöku. Við undirbúning ferða, s.s. skipulagningu, gerð áhættumats og skýrslugerð fylgjum við verklagsreglunni [Nemendaferðir](#). Utanumhald á árinu var margþætt, s.s. við undirbúning, sjálfar ferðirnar, kynningar, fundi og úrvinnslu, þar með talið skýrslugerð og eftir atvikum gerð kennsluefnis.

Hér má sjá yfirlit yfir verkefni á sviði alþjóðlegs samstarfs á árinu 2025, nemendaferðir og gestakomur til FVA:



Erlent samstarf:

Heiti verkefnis	Megininntak (s.s. umhverfismál)	Ferð (Hvert) eða móttaka hjá FVA	Fjöldi kennara FVA	Fjöldi nem. FVA	Fjöldi gesta hjá FVA
Nordplus	Art Lighthouse – sjálfbærni í listum	Finnland - 7 d (jan.25)	2	8	
Erasmus+	WIFII – (fjölb. leiki og inngilding)	Grikkland – 7 d (sep/okt.25)	2	4	
Erasmus+	WIFII - (fjölb. leiki og inngilding)	Spánn – Cordoba – 7 d (feb.25)	2	4	
Erasmus+	WIFII - (fjölb. leiki og inngilding)	Tyrkland – 6 d (nóv.25)	2	2	
Erasmus+	WIFII - (fjölb. leiki og inngilding)	Hjá FVA: Spánn, Tyrkland, Frakkland, Grikkland - 7 d (mar.25)			6 kenn. – 12 nem.
Nordplus	Art Lighthouse – sjálfbærni í listum	Hjá FVA: Finnland, Litháen - 8 d (apr.25)			4 kenn.- 16 nem.

Áfangatengdar ferðir til útlanda:

Aðrar ferðir	Tenging við áfanga	Hvert farið	Fjöldi kennara FVA	Fjöldi nem. FVA
FVA	EVRÓ2BE05	Þýskaland - Berlín	2	8
FVA	DANS3KV05	Danmörk - Kaupmannahöfn	2	5

Erlendir gestir hjá FVA (ekki tengt Erasmus/Nordplus verkefnum):

Hvaðan gestir koma	Megininntak	Fjöldi gesta
Þýskaland – Stralsund (4 d. apr.25)	Kynniferð (job-shadowing)	2 kennarar
Portúgal (1 d. maí.25)	Skólaheimsókn	2 kennarar
Ítalía – Róm (5 d. nóv.25)	Skólaheimsókn	4 kennarar

Samstarf við aðra

Skólinn tekur þátt í samstarfi gegn ofbeldi og öðrum afbrotum við helstu lykilaðila á Vesturlandi, þ.m.t. félagsþjónustu, skólaþjónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöld, heilbrigðisþjónustu, skóla, félagasamtaka, landshlutasamtaka sveitarfélaga og lögreglu

Gott samstarf er haft við Akraneskaupstað um velferð nemenda. M.a. eru vikulegir fundir haldnir í farsældarteymi FVA með fulltrúum frá Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar. Einnig er haft gott samstarf við Tónlistarskólann á Akranesi og grunnskólana tvo í bænum. Kynning á námi í FVA, bæði bóknámi, iðnnámi og á afrekssviði í íþróttum, er alla jafna fastur punktur. Skólameistari situr í stjórn Próunarfélags um nýsköpunarsetur á Breið á Akranesi. Á Breið er FabLab-smiðja Akraness þar sem nemendur FVA eiga fasta tíma í stundatöflu og hefur skólinn skilað umsömdu framlagi ráðuneytis upp á 5 milljónir til félagsins. Því miður er nýtingin hjá FVA ekki sérlega góð, aðallega vegna vegalengdar frá Breið. Í málmíðngreinum hafa kennarar sett upp eigin þrívíddarprentara og vilja vera sjálfbærir með fablab.

Skólinn er í formlegu samstarfi með Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja um ýmis sameiginleg mál og funda skólarnir saman einu sinni í mánuði. Auk þess er samstarf við Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóla Snæfellinga um ýmis fagleg mál, s.s. félagslíf nemenda o.fl. Skólinn á



einnig samstarf við grunnskóla á Vesturlandi, t.d. varðandi innritun og félagslíf í skólanum. Þá á skólinn gott samstarf við Stóriðjuskóla Norðuráls um kennslu á námskeiðum hjá þeim.

Skólameistari situr í kennararáði fyrir hönd Skólameistarafélags Íslands; nánar um hlutverk þess má sjá í 7. gr. laga nr. [95/2019](#) um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Ráðið fundar mánaðarlega að jafnaði. Skólameistari er formaður uppstillinganefndar Skólameistarafélags Íslands.

Aðstoðarskólameistari sigur í stýrihópi um INNU, notendaráði ferilbókar og stýrihópi Menntaskýs.

Gjöfult samstarf er við Heilsugæslu Vesturlands (HVE) um nám og kennslu á sjúkraliðabraut. Skólinn er í samstarfi við HVE um nemendabjónustu og greiðir HVE 12,5% starfshlutfall geðhjúkrunarfræðings sem hugsað sem helmingur á móti FVA. Það er þó alltof lítið, starfshlutfall skólahjúkrunarfræðings er fyrir löngu orðið 50% og veitir ekki af. Ef stjórnvöldum er alvara með að hafa sálfræðinga og heilsugæslu í skólum þarf að styðja við Heilsugæsluna til þess.

[Skólanefnd](#) fundaði tvisvar á árinu 10. apríl og 20. nóvember. Sjá [fundargerðir](#). Formaður er Liv Åse Skarstad.

[Foreldraráð](#) FVA fundar af og til og á gott samstarf við stjórnendur skólans. Helstu áherslur eru að styðja við edrúpot nemenda og annast fræðslufundi fyrir forráðamenn. Formaður er Ólöf Inga Birgisdóttir.

## Staða FVA á Vesturlandi

Staða FVA er sterk á Vesturlandi. Þar spilar inn í fjölbreytt námsframboð og gott samstarf við atvinnulíf, íþróttafélög og menntastofnanir. FVA er eftirsóttur vinnustaður sem nýtur virðingar og velvildar í samfélaginu, starfsfólkið sinnir vinnu sinni af alúð, fagmennsku og metnaði, nemendur eru fjölbreyttir og fjörugir og halda okkur við efnið og orðspor skólans er gott.

## Mat á skólastarfi

*Innra mat* er framkvæmt árlega í lok hvers skólaárs; fjallað er um niðurstöður og mat, m.a. á grundvelli niðurstaðna kennslukannana sem skólinn gerir; þar er einnig fjallað um niðurstöður ytri kannana, s.s. Stofnunar ársins og Skólapúlsins. [Áætlun fyrir innra mat 2025-2028](#) má nálgast á vef skólans. [Skýrsla](#) um innra mat fyrir skólaárið 2024-2025 er aðgengileg á vef skólans. Markmið með matinu er að rýna árangur, veita upplýsingar um starfshætti skólans og árangur, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skólans á eigin starfi, vera liður í skólaþróun. Matið er einnig verkfæri til að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá og að réttindi nemenda séu virt samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr. laga nr. 92/2008 með síðari breytingum).

*Ytra mat*, þar sem helst skal telja reglubundna úttekt MRN á því hvernig framhaldsskólar uppfylla skyldur í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá fer fram á nokkurra ára fresti. Síðasta úttekt á starfsemi FVA fór fram haustið 2022 og eru niðurstöður aðgengilegar í [úttektarskýrslu](#) á vef skólans. Eftirfylgd við tilgreind umbótatækifæri í skýrslunni hefur verið reglubundin og stöðug og upplýsingum síðast miðlað til MRN í október 2025. Neðangreind samantekt er gerð í lok haustannar 2025:

Þættir	Staðan í lok haustannar 2025 – ath. að flestir þáttanna eru sífelluverkefni sem stöðugt þarf að vinna að en verður ekki lokið með einskiptisaðgerð
1. Stjórnun og skipulag	
Virkja betur samráð við skólanefnd og foreldra m.a. við mótun stefnu skólans	Samráð við skólanefnd og upplýsingamiðlun í góðum farvegi; nefndin upplýst og haft samráð um stefnu og mögulegar breytingar.



Fjölbrautaskóli Vesturlands  
á Akranesi

	Stöðugt unnið að því að virkja foreldraráð. Ráðið stóð fyrir opnum fyrirlestri um gervigreind í samráði við skólameistara á haustönn en aðsókn var dræm.
Ljúka við heildstætt gæðakerfi og gæðahandbók fyrir skólann skv. ISO9001 kerfinu	Skjöl í sept. 25 um 130 (fjölgun um 30 skjöl frá 23); áhersla á gagnsemi og öryggi. Gæðaráð styrkt með fulltrúa kennara í ráðið frá hausti 2025.
Vinna áfram með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnumótun skólans	Heimsmarkmið og grunnþættir menntunar til umfjöllunar á starfsdögum V25 og nú tilgreint í <a href="#">námsáætlunum</a> .
Ljúka við menntastefnu - stefnu um nám- og kennslu í FVA	<a href="#">Menntastefna</a> samþykkt á starfsdögum V25 og birt í júní 2025
Endurskoða skipurit	Uppfært 2023 þar sem staða kennara var gerð skýr. Næsta endurskoðun var á dagskrá 2025 en náðist ekki; verður skoðað á næsta fundi með skólanefnd (vor eða haust 2026)
<b>2. Kennsla og námsframboð</b>	
Stefna að því að allir kennarar hafi lokið námi til kennsluréttinda	Í ársskýrslu 2025 (sjá bls. ) kemur fram að kennurum með kennsluréttindi við skólann fjölgar stöðugt og luku tveir námi V25. Haustið 25 eru kennarar 47 og af þeim eru þrír leiðbeinendur: 94% kennara hafa lokið námi til kennsluréttinda á móti 78% árið 2019.
Mikil starfsmannavelta sl. 5 ár	Starfsmannavelta 2025 var 5,9% - sem er í ágætu samræmi við <a href="#">bróun einkunna</a> í Stofnun ársins frá 2019. Kennarar sem eru komnir á aldur eru hægt og bitandi að fara á eftirlaun eftir farsæla starfsævi.
Skoða fjölbreyttar kennsluáðferðir í öllum námsgreinum/áföngum	Sífelluverkefni – tengist m.a. stefnumótunarvinnu deilda þar sem árangur hvernar annar verður grundvöllur fyrir áætlun á næstu önn eða til lengri tíma. Á árinu 2025 eru í brenndepli fjölbreyttar kennsluáðferðir, námskraftur og þrautseigja nemenda; H2025 er starfsþróunarteymi skólans komið í fulla virkni þar sem áhersla var m.a. á agamál og nýtingu gervigreindar í námi.
Námsgögn í sumum tilfellum komin til ára sinna	Í greinum þar sem bókakostur/kennsluefni er úrelt er áhersla á að koma nýju námsefni í INNU þar sem það er uppfært eftir þörfum. Í sumum greinum í framhaldsskólum landsins hefur vantað námsefni í áratugi.
<b>3. Samskipti og líðan</b>	
Ljúka við samskiptasáttmála	<a href="#">Samskiptasáttmáli FVA</a> var gefinn út vorið 2023. Hann er í fullri virkni og haldið á lofti við öll möguleg tækifæri, þmt í vikulegu fréttabréfi skólans og forvarnaráætlun sem og námi og kennslu enda verkfæri til forvarna og stuðningur við að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum.
Skoða þarf líðan nemenda í skólanum	Niðurst. Skólapúlsins 2024 voru á heildina litið góðar en greina mátti að huga mætti betur að yngsta hópnum. Eldri nemendu voru þá kallaðir að borðinu til að ræða umbótaleiðir og voru tillögur þeirra nýttar við móttöku nýliða á haustönn 2025. Stoðþjónusta skólans er öflug sem fyrr (náms- og starfsráðgj., skólahjúkr.fr. (50%) og sálfr. (50%) og líðan nemenda alltaf í forgrunni, dagsdaglega og í gegnum sérstök verkefni, s.s. í tengslum við heilsuviku og stöðugan stuðning við félagslíf. Í kennslukönnun haustið 2025 kom fram að nemendum líður vel í skólanum.
Koma foreldraráði í meiri virkni	Foreldraráð var endurvakið 2022 og samráð við skólameistara er með ágætum. Ráðið stóð fyrir opnum fyrirlestri um gervigreind á haustönn 2025, aðstoðar leiklistarklúbbinn og reglubundið er minnt er á foreldraráð í Skruddu, vikulegu fréttabréfi skólans.
Nýta tækif. með 10. bekk í húsnæði skólans til aukinnar samþætt. á námi og tengslum skólast.	Þegar ytri úttekt 2022 var gerð nýtti einn grunnskólinn aðstöðu hjá okkur f. 10. bekk þegar endurbætur á húsnæði þeirra stóðu yfir. Þetta á ekki lengur við en samtal deildarstjóra FVA við grunnskólana á Akranesi er gott þó ekki sé um eiginlega samþættingu á námi að ræða. Á haustönn



Fjölbrotaskóli Vesturlands  
á Akranesi

	2025 er verið að undirbúa að bjóða 10. bekkjum að taka einn áfanga í staðnámi í ensku á vorönn 2026.
Setja aukinn kraft í félagslíf skólans og virkja fleiri nemendur til þátttöku s.s. í klúbbastarfi	Stöðugt er unnið að því að virkja nemendur til þátttöku klúbbastarfi og öðru félagsstarfi og þátttöku á árinu góð. Sjá nánar um félagslíf í ársskýrslu bls. 13 (Félagslíf og nám) – nemendur eru studdir til þátttöku með ráð og dáð, s.s. með aðstöðu, liðka fyrir með skólasókn og aðkomu félagslífsfulltrúa og e.a. annars starfsfólks
<b>4. Húsnæði og aðbúnaður</b>	
Stöðugt viðhald á húsnæði og ljúka endurnýjun heimavistar	Sífelluverkefni í eftirfylgd umsjónarmanns fasteigna og skólameistara en viðhald er í umsjón Framkvæmdasýslu ríkisins (FSRE) og þyrfti að ganga hraðar fyrir sig. Sjá yfirlit í kaflanum Húsnæðismál, bls. 21
Draga úr hraða umferðar í kringum skólann	Gott samstarf er við lögreglu og Akraneskaupstað. Hraðahindrun var sett upp á árinu við gangbraut framan við skólann.
Bæta aðstöðu á myndlistarviði	Mikið hefur áunnist frá 2023 en þá var aðstaðan metin ófullnægjandi; stöðug eftirfylgni skilaði árangri og var glæsileg myndlistarstofa tekin í notkun 2024. Listarvið er öflugt, kraftmikil kennsla með áherslu á nýsköpun og þverfaglegt samstarf, s.s. íslenskuog vélvirkjun. Sjá dæmi á listafva á instagram.
Auka rými fyrir hefðb. íþróttakennslu innan skólans	Þetta á ekki við enda á skólinn gott samstarf við stjórnendur íþróttahúsa í bænum og stutt í íþróttahúsið á Vesturgötu. Haustið 2025 náðist til viðbótar samningur við WorldClass sem hóf rekstur hér í bænum nýverið, um afnot af þreksal þeirra fyrir nemendur.
Séraðstaða fyrir stjórn nemendafélagsins	Aðstaða nemendaaðstöðu er metin góð haustið 2025, aðstaðan máluð og ný húsgögn hafa verið keypt.
<b>5. Lykilárangur</b>	
Leita leiða til að draga úr brotthvarfi	Vinna gegn brotthvarfi er sífelluverkefni. Frá 2022 hefur þjónusta við nemendur í viðkvæmri stöðu verið aukin sem og eftirfylgd, t.d. við mætingar. Sjá nánar markmið A1 og A2 og aðgerðir í Stefnumiðaðri áætlun 2025-2027, s.s. um aukinn stuðning við hópa í verknámi og ÍSAN.
Skoða markvisst hvernig grunnþættir menntunar birtast í kennsluáætlunum og hver upplifun nemenda er af vinnu með grunnþætti menntunar í skólanum	Frá haustönn 2025 er tilgreint í kennsluáætlun (námsáætlun) hvernig grunnþættir menntunar og heimsmarkmið eru samþætt í áætlunum. Á haustönn 2026 verður árangur metinn.

Undir lok ársins hóf MRN framkvæmd ytra mats á framhaldsskólum samkvæmt nýjum gæðaviðmiðum en þau eru liður í heildarendurskoðun ráðuneytisins á framkvæmd innra og ytra mats og menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030. Í nýju mati er lögð áhersla á faglegt gæðastarf, samstarf og virka þátttöku starfsfólks, og samspil innra og ytra mats. Ekki liggur fyrir hvenær FVA fær ytra mat á grundvelli þessara nýju viðmiða.

## Húsnæðismál

Þó [húsnæði](#) skólans sé stórt þá þrengir að nemendum í fjölmennustu iðngreinunum, þ.e. húsmíði og rafvirkjun og á starfsbraut sem fer sístækkandi. Kennslurými bóknáms er rúmgott en það á einnig við um mótuneyti, matsal/hátíðarsal, ýmis vinnu- og þjónusturými og heimavist. Stöðugt þarf að huga að viðhaldi en framkvæmdir sem eru á vegum FSRE (Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir) voru þessar á árinu: Hurð út í miðgarð endurnýjuð ásamt tveimur opnanlegum fögum; stofa C- 106 var máluð, sett kerfisloft ný lýsing og skipt um gólfefni; endurnýjuð var lýsing í stofum C- 103 og C-104; klárað var að mála stofur í D-álmum og öll ljós í húsmíðadeild voru endurnýjuð. Þá var gólf í málmiðnaðarsal og allt rými á neðri hæð málað.



Fjölbrotaskóli Vesturlands  
á Akranesi

Endurnýjun á heimavist komst á nokkurt skrið á árinu: Allir gangar voru dúklagðir, öll sameiginleg rými máluð og í desember 2025 hófst endurnýjun á öllum hurðum sem lauk í byrjun 2026.

Skólinn kostaði bónhreinsun og bónun á öllum stofum í D-álmu og endurnýjun stóla og borða í einni kennslustofu rafvirkjanema, stofu C-106, sem nú er kölluð Betri stofan.

Mest aðkallandi í húsnæðismálum er eftirfarandi: Þarf að klára endurbætur á heimavist, mála herbergin, endurhanna kennsluhúsnæði á efri hæð hússins í málmiðngreinum sem stendur autt (kennslustofur hafa verið metnar ónothæfar). Gleri, vatnslögnum og loftræstingu þarf að sinna og endurnýja innan fárra ára, vinnuáðstöðu á bókasafni og hjá kennurum þarf að breyta í takt við nýja tíma og kröfur um vinnuvernd, þak á C álmu þarf að laga, bæta þarf aðstöðu fyrir flokkun rusls og sorphirðu við húsnæðið og aðgengi fyrir fatlaða er enn ábótavant. Við óskum eftir að aðstaða fyrir húsasmíðakennslu utandyra verði hönnuð, ekki þarf meira en þak eða skýli. Það gæti nýst sem agerpláss fyrir timbur og veitir nemendum og kennurum skjól en það er kennsla umhelgar úti í öllum veðrum .





Fjölbrotaskóli Vesturlands  
á Akranesi

## Fjármál – rekstur FVA

	2025	2024	Frávik
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>			
Aðrar rekstrartekjur	-5.808.000	-6.084.000	-276.000
	<b>-5.808.000</b>	<b>-6.084.000</b>	<b>-276.000</b>
<b>Sértekjur</b>			
Sértekjur	-63.418.383	-71.989.929	-8.571.546
	<b>-63.418.383</b>	<b>-71.989.929</b>	<b>-8.571.546</b>
<b>Laun</b>			
Dagvinna	657.158.115	595.439.650	-61.718.465
Vaktaálag	2.290.884	2.283.395	-7.489
Aukagreiðslur	3.065.160	19.062.887	15.997.727
Yfirvinna	106.438.993	114.793.241	8.354.248
Launatengd gjöld	178.907.169	169.713.572	-9.193.597
Orlof	2.150.617	3.658.427	1.507.810
	<b>950.010.938</b>	<b>904.951.172</b>	<b>-45.059.766</b>
<b>Ferðir og fundir</b>			
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	84.910	421.204	336.294
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	206.960	814.043	607.083
Fundir, námskeið og risna	1.400.557	3.215.851	1.815.294
Akstur	3.655.831	3.835.693	179.862
	<b>5.348.258</b>	<b>8.286.791</b>	<b>2.938.533</b>
<b>Rekstrarvörur</b>			
Tímarit, blöð og bækur	670.124	1.152.846	482.722
Skrifstofuvörur og áhöld	3.449.822	3.086.510	-363.312
Aðrar vörur	33.172.355	37.162.893	3.990.538
	<b>37.292.301</b>	<b>41.402.249</b>	<b>4.109.948</b>
<b>Aðkeypt þjónusta</b>			
Tölvu og kerfisfræðipjónusta	16.546.721	17.969.699	1.422.978
Önnur sérfræðipjónusta	20.380.992	16.030.357	-4.350.635
Sími og ýmis leigugjöld	9.183.266	15.570.184	6.386.918
Prentun,póstur, augl., flutningar	3.402.954	2.103.584	-1.299.370
	<b>49.513.933</b>	<b>51.673.824</b>	<b>2.159.891</b>
<b>Húsnæði</b>			
Húsaleiga og aðk. ræsting	235.474.797	224.315.482	-11.159.315
Rafmagn og heitt vatn	11.466.861	11.815.200	348.339
Verkkaup og byggingavörur	739.352	603.945	-135.407
	<b>247.681.010</b>	<b>236.734.627</b>	<b>-10.946.383</b>
<b>Bifreiðar og vélar</b>			
Verkstæði og varahlutir	1.333.223	728.236	-604.987
Brensluefni og olíur	752.018	771.016	18.998
Tryggingar og skattar	936		-936
	<b>2.086.177</b>	<b>1.499.252</b>	<b>-586.925</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Vextir, bætur, skattar	418.434	459.345	40.911
Afskriftir eigna	18.652.214	17.552.947	-1.099.267
Tilfærslur		86.407	86.407
	<b>19.070.648</b>	<b>18.098.699</b>	<b>-971.949</b>
<b>Framlag ríkissjóðs</b>			
Framlag ríkissjóðs	-1.210.766.826	-1.110.079.590	100.687.236
Framlag til afskrifta	-18.652.214	-17.552.947	1.099.267
	<b>-1.229.419.040</b>	<b>-1.127.632.537</b>	<b>101.786.503</b>
<b>Rekstrarafkoma</b>	<b>12.357.842</b>	<b>56.940.148</b>	



Fjölbrotaskóli Vesturlands  
á Akranesi

Ársvelta á árinu 2025 var 1.298,5 milljónir króna samanborið við 1.205,4 milljónir króna árið 2024 og afkoma var 12,4 milljón króna tap samanborið við 56,9 milljón króna tap á árinu 2024. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi 54,8 milljónir í árslok og eignir samtals 230,9 milljónir. Sértekjur skólans á árinu 2025 námu 63,4 milljónum króna samanborið við tæpar 72 milljónir króna árið 2024.

Framlag úr Ríkissjóði til skólans nam 1,229 milljónum króna samanborið við 1,127 krónur árið 2024.

Heildargjöld skólans á árinu 2025 námu 1,311 milljónum króna samanborið við 1,263 milljónir árið 2024.

Á árinu 2025 voru gerðar eftirfarandi breytingar á áður samþykktu framlagi til skólans úr Ríkissjóði:

Millifærsla vegna rekstrarvanda stofnunar var 29,6 milljónir, efling gagnavinnslu í framhaldsskólum var 15 milljónir, launabætur vegna kjarasamningsbundinna hækkana ársins voru 28,9 milljónir, millifærsla vegna starfsþróunarteyma í framhaldsskólum var 0,5 milljónir, uppgjör vegna ÍSA á vor- og haustönn var 1,5 milljónir, millifærsla vegna námsorlofs á árinu var 15,9 milljónir, millifærsla vegna launatengdra gjalda vegna eingreiðslu á árinu 2024 var 3,7 milljónir, framlag vegna farsældar barna var 2,2 milljónir og að lokum var lækkað framlag til skólans vegna starfsbrauta um 5,6 milljónir. Við lokun ársins átti eftir að ganga frá uppgjóri vegna starfsbrauta vegna haustannar 2025. Samtals nam þetta hækkun framlaga um 91 milljón á árinu 2025.

## Prófil FVA

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsfólks:

Meðatal nemenda beggja anna á árinu 2025 var 469. Starfsfólk var samtals 74 í alls 62 stöðugildum (haustönn). Skólinn starfar í um 7.330 m<sup>2</sup> húsnæði auk rúmlega 1.250 m<sup>2</sup> heimavistar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2025 voru 460.

Námsframboð:

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Á vorönn 2025 voru 89% nemenda í dagskóla og 11% í dreifnámi. Á haustönn 2025 var hlutfallið 96% nemenda í dagskóla og 4% í dreifnámi.

Framkvæmd markmiða:

Markmiðum í áætlun/stefnuskjali frá árinu 2024 var fylgt eftir á árinu 2025. Stefnuskjalið var uppfært haustið 2025 til næstu þriggja ára. Til viðbótar er yfirlit yfir önnur áherslu- og umbótaverkefni á árinu 2025 sem tengjast skólastarfinu.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins og starfseminnar á skólaárinu fer fram árlega og eru niðurstöður teknar saman í skýrslu sem var skilað til ráðuneytisins, síðast þann 20.6.2024 vegna skólaársins 2024-2025. Skýrslan er aðgengileg á vef skólans.



## Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

### Úttektir:

Ytra mat, þ.e. úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, fór fram haustið 2022 á vegum MRN. Niðurstaða Ytra mats er aðgengileg á vef FVA. Tilgreind voru umbótataækifæri í úrvinnsluáætlun matsins sem unnið hefur verið að. Sjá yfirlit yfir stöðuna í árslok 2025 á bls. 20-21 hér framar.

### Rekstrarstaða, afkoma:

Ársvelta á árinu 2025 var 1.298,5 milljónir króna samanborið við 1.205,4 milljónir króna árið 2024 og afkoma var 12,4 milljón króna tap samanborið við 56,9 milljón króna tap á árinu 2024. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi 54,8 milljónir í árslok og eignir samtals 230,9 milljónir.

### Brotthvarf:

Nýnemabrottfall hjá FVA 2025 er 0,9% samkvæmt upplýsingum MRN (skilgreining ráðuneytisins á brotthvarfi: Það hlutfall nemenda í aðalskóla sem hafa hætt í framhaldsskóla á skólaárinu án þess að útskrifast eða flytja sig í annan framhaldsskóla).

### Stjórnun:

Stjórnun er í höndum skólameistara, ásamt aðstoðarskólameistara og áfangastjóra. Auk þess eru fjármálastjóri, gæðastjóri og tíu deildarstjórar.

### Samvinna við aðra:

FVA á samvinnu við skóla, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og víðar, þ.m.t. grunnskóla, framhaldsskóla, fyrirtæki og stofnanir. Skólinn á einnig samstarf við skóla erlendis.

### Sérstakar áherslur / sérsvið FVA

FVA er hefðbundinn bóknáms- og verknámsskóli sem verður 50 ára á næsta ári. Skólinn þjónar nemendum á Akranesi og úr nágrennasveitarfélögum á Vesturlandi. Í verknámi er hægt að leggja stund á vélvirkjun, húsasmíði og rafvirkjun í dagskóla. Þá er í boði dreif- og helgarnám í húsasmíði og á sjúkraliðabraut. Við skólann er starfrækt öflug starfsbraut. Nemendur af Vesturlandi og víðar að eiga þess kost að búa á heimavist.

Sérstaða FVA felst m.a. í fjölbreyttu námsframboði og afreksíþróttasviði í samstarfi við Akraneskaupstað og íþróttafélögin á svæðinu, sterkum tengslum við aðra skóla og atvinnulíf, notalegu andrúmslofti og persónulegri þjónustu við nemendur.

